

Hrunamannahreppur
Akurgerði 6
845 Flúðir

Reykjavík 3. janúar 2019
UST201812-086/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016 – 2032 – Efra -
Langholt

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélag er barst 12. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á lýsingu vegna breytingar aðalskipulags á Efra - Langholt í Hrunamannahreppi.

Breytingartillagan gengur út á að landnotkun á 10 ha spildu jarðarinnar Efra-Langholts verður breytt úr landbúnaðarlandi í frístundabyggð fyrir 10 frístundalóðir og auk þess verða mörk núverandi frístundasvæðis, F16, endurskoðuð. Í greinargerð kemur einnig fram að staðsetning spildunnar er suðvestur af Flúðum.


Í greinargerð kemur fram að spildan sem hér um ræðir er að stórum hluta ræktað land og er skilgreint sem gott akuryrkjuland í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Í gildandi aðalskipulagi segir að frístundabyggð verður ekki heimiluð á úrvals ræktunarlandi.

Í sveitarfélaginu eru fjölmörg óbyggð frístundasvæði samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Það er mat Umhverfisstofnunar er mikilvægt að uppbygging haldi áfram á þeim svæðum sem eru þegar skilgreind sem frístundabyggð og tilagan sé í samræmi við gildandi aðalskipulag þar sem segir að frístundabyggð verði ekki heimiluð á úrvals ræktunarlandi.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur